

## **Samanburðarefnagreiningar**

**Samanburður efnagreininga á jarðhita-  
vatnssýnum með ICP-AES tæki jarðfræði-  
stofu Raunvísindastofnunar Háskólans og  
hefðbundnum efnagreiningaraðferðum  
jarðefnafræðideildar Rannsóknasviðs  
Orkustofnunar**

**Steinunn Hauksdóttir  
Sigríður Anna Þórarinsdóttir  
Kristján Sigurðsson  
Hrefna Kristmannsdóttir**



# **ORKUSTOFNUN**

## **Rannsóknasvið**

Verknr.: 8-830560

**Steinunn Hauksdóttir**  
**Sigríður Anna Þórarinsdóttir**  
**Kristján Sigurðsson**  
**Hrefna Kristmannsdóttir**

## **Samanburðarefnagreiningar**

**Niðurstöður efnagreininga á jarðhitavatnssýnum  
með ICP–AES-tæki jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar  
Háskólans og hefðbundnum efnagreiningaraðferðum  
jarðefnafræðistofu Rannsóknasviðs Orkustofnunar**

**OS-2000/085**

**Desember 2000**

ISBN 9979-68-063-6

<b>Skýrsla nr:</b> OS-2000/085	<b>Dags:</b> Desember 2000	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Samanburðarefnagreiningar. Samanburður efnagreininga á jarðhitavatnssýnum með ICP-AES-tæki jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans og hefðbundnum efnagreiningaraðferðum jarðefnafræðistofu Rannsóknasviðs Orkustofnunar		<b>Upplag:</b> 30
		<b>Fjöldi síðna:</b> 61
<b>Höfundar:</b> Steinunn Hauksdóttir Sigríður Anna Þórarinsdóttir Kristján Sigurðsson Hrefna Kristmannsdóttir		<b>Verkefnisstjóri:</b> Hrefna Kristmannsdóttir
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Efnagreiningar, samanburðarmælingar		<b>Verknúmer:</b> 8-830560
<b>Unnið fyrir:</b>		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Rannsóknasvið Orkustofnunar (ROS) og Raunvísindastofnun Háskólans (RHÍ) hafa lengi haft náið samstarf um efnagreiningu vatnssýna í tengslum við margvísleg rannsóknarverkefni. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum samanburðarefnagreininga jarðhitavatnssýna, annarsvegar greindum með hefðbundnum efnagreiningaraðferðum á jarðefnafræðideild ROS og hinsvegar með ICP-tæki RHÍ. Eftirtalin efni eru tekin fyrir sérstaklega í samanburðinum: kísill, bór, natríum, kalsíum, kalíum, magnesíum, járn, mangan, ál, súlfat og strontíum. Umfjölluninni er skipt í ósölt og sölt sýni til að auðvelda samanburð á sýnunum m.t.t. seltu og efnastyrks. Niðurstöður efnagreininga með hvorri efnagreiningaraðferð eru sýndar myndrænt fyrir hvert efni. Einnig er sýnt hlutfall skekkja fyrir nokkur efnanna. Rætt er um hvernig best verði háttað hugsanlegri samnýtingu ICP-tækis RHÍ til greininga á jarðhitavatni. Einnig er fjallað um norræna samanburðarkönnun sem rannsóknarstofur beggja stofnana tóku þátt í, en þær sýna að niðurstöður eru vel sambærilegar fyrir flest efni.		
<b>Lykilorð:</b> Efnagreiningar, sýni, staðlar, mælingar, samanburður, ICP-tæki	<b>ISBN-númer:</b> 9979-68-063-6	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
	<b>Yfirfarið af:</b> HK	

## EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	5
2.	MEDHÖNDLUN SÝNA OG AÐFERÐIR.....	7
3.	NIDURSTÖÐUR SAMANBURÐARMÆLINGA.....	11
3.1.	Kísill.....	11
3.2.	Bór.....	14
3.3.	Natríum.....	17
3.4.	Kalsíum.....	20
3.5.	Kalíum.....	23
3.6.	Magnesíum.....	26
3.7.	Járn.....	28
3.8.	Mangan.....	30
3.9.	Ál.....	31
3.10.	Súlfat.....	33
3.11.	Strontíum.....	35
4.	STAÐLAR OG VIÐMIÐUNARSÝNI.....	36
4.1.	Samanburður ROS og RHÍ.....	36
4.2.	Norrænar samanburðarmælingar.....	37
5.	NIDURSTÖÐUR.....	38
6.	HEIMILDIR.....	40
7.	VIÐAUKAR.....	41
7.1.	Kísill.....	41
7.2.	Bór.....	43
7.3.	Natríum.....	45
7.4.	Kalsíum.....	47
7.5.	Kalíum.....	49
7.6.	Magnesíum.....	51
7.7.	Járn.....	53
7.8.	Mangan.....	55
7.9.	Ál.....	56
7.10.	Súlfat.....	58
7.11.	Strontíum.....	60

## TÖFLUR

<b>Tafla 1.</b> Listi yfir sýni sem notuð voru í samanburðargreiningum. ....	7
<b>Tafla 2.</b> Styrkur efna í staðli Selsund98. ....	9
<b>Tafla 3.</b> Styrkur efna í staðli Geysir98. ....	9
<b>Tafla 4.</b> Niðurstöður greininga á stöðlum og viðmiðunarsýnum (mg/l). ....	36

## MYNDIR

<b>Mynd 1.</b> Samanburður á greiningum á kísli í ósöltum sýnum. ....	12
<b>Mynd 2.</b> Samanburður á greiningum á kísli í söltum sýnum. ....	12
<b>Mynd 3.</b> Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ, öll ósölt sýni. ....	13
<b>Mynd 4.</b> Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ þynnt ósölt sýni. ....	13
<b>Mynd 5.</b> Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni. ....	14
<b>Mynd 6.</b> Samanburður á greiningum á bóri í ósöltum sýnum. ....	15
<b>Mynd 7.</b> Samanburður á greiningum á bóri í söltum sýnum. ....	15
<b>Mynd 8.</b> Hlutfallslegur mismunur á bórgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni. ....	16
<b>Mynd 9.</b> Hlutfallslegur mismunur á bórgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni. ....	16
<b>Mynd 10.</b> Samanburður á greiningum á natríum í ósöltum sýnum. ....	17
<b>Mynd 11.</b> Samanburður á greiningum á natríum í söltum sýnum. ....	18
<b>Mynd 12.</b> Hlutfallslegur mismunur á natríumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni. ....	18
<b>Mynd 13.</b> Hlutfallslegur mismunur á natríumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni. ....	19
<b>Mynd 14.</b> Samanburður á greiningum á kalsíum í ósöltum sýnum. ....	20
<b>Mynd 15.</b> Samanburður á greiningum á kalsíum í söltum sýnum. ....	21
<b>Mynd 16.</b> Hlutfallslegur mismunur á kalsíumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni. ....	21
<b>Mynd 17.</b> Hlutfallslegur mismunur á kalsíumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni. ....	22
<b>Mynd 18.</b> Samanburður á greiningum á kalíum í ósöltum sýnum. ....	23
<b>Mynd 19.</b> Samanburður á greiningum á kalíum í söltum sýnum. ....	24
<b>Mynd 20.</b> Hlutfallslegur mismunur á kalíumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni. ....	24
<b>Mynd 21.</b> Hlutfallslegur mismunur á kalíumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni. ....	25
<b>Mynd 22.</b> Samanburður á greiningum á magnesíum í ósöltum sýnum. ....	26
<b>Mynd 23.</b> Samanburður á greiningum á magnesíum í söltum sýnum. ....	27
<b>Mynd 24.</b> Samanburður á greiningum á járn í ósöltum sýnum. ....	28
<b>Mynd 25.</b> Samanburður á greiningum á járn í söltum sýnum. ....	29
<b>Mynd 26.</b> Samanburður á greiningum á mangani í ósöltum sýnum. ....	30
<b>Mynd 27.</b> Samanburður á greiningum á áli í ósöltum sýnum. ....	31
<b>Mynd 28.</b> Samanburður á greiningum á áli í söltum sýnum. ....	32
<b>Mynd 29.</b> Samanburður á greiningum á sulfati í ósöltum sýnum. ....	33
<b>Mynd 30.</b> Samanburður á greiningum á sulfati í söltum sýnum. ....	34

## 1. INNGANGUR

Jarðefnafræðideild Rannsóknasviðs Orkustofnunar (ROS) og jarðfræðistofa Raunvísindastofnunar Háskólans (RHÍ) hafa um langa hríð átt samstarf um ýmis rannsóknarverkefni þar sem þessir aðilar hafa skipt með sér verkum um efnagreiningu mismunandi þátta í vatns-sýnum. Oft hefur efnagreiningu hinna ýmsu þátta verið þannig háttáð að jarðfræðistofa RHÍ hefur greint flesta málmana á ICP–AES-tæki sínu (Inductive Coupled Plasma Atomic Emission Spectrometry) og næringar-sölt á “autoanalyser” (litrófsgreini með sjálfvirkri ísetningu og blöndun hvarfefna), en jarðefnafræðideild ROS anjónir á jónagreini og sérstök sporefni á atómísogstæki með grafitbrennara og með litgreiningaraðferðum. Í öðrum tilvikum hefur skiptingin verið á annan veg. Mjög oft er verið að nota saman gögn frá báðum aðilum við samanburð og túlkun. Því skiptir augljóslega miklu máli að um sambærileg gögn sé að ræða og sé um einhverja hliðrun að ræða í mælingum sé hún þekkt svo unnt sé að taka til hennar tillit.

Í nokkrum stærri sameiginlegum verkefnum, eins og t.d. rannsóknum í tengslum við umbrot á Skeiðarársandi, hefur verið talsvert um að sama efni hefur verið greint í sömu sýnum á báðum efnarannsóknastofum og því verið unnt að bera saman niðurstöður á þeim. Þessi samanburður hefur hins vegar verið fremur tilviljanakenndur og óskipulegur. Hann hefur engu að síður bent til þess að efnagreiningar væru mjög vel sambærilegar milli rannsóknarstofanna. Norræn samanburðarkönnun á efnagreiningum sem báðar efnarannsóknastofurnar tóku þátt í hefur jafnframt sýnt að niðurstöður eru mjög áþekkar fyrir flest efni á báðum stöðum.

Vilji hefur verið til þess á jarðefnafræðideild ROS að dregur úr kostnaði við efnagreiningar og hafa verið kannaðar ýmsar leiðir til þess á undanförunum árum. Einnig er kominn tími á að endurnýja tækjakost ROS til kísilgreininga en litrófsmælir, sem notaður hefur verið, er orðinn gamall og ekki mögulegt að fá varahluti. Þessu verður helst komið til leiðar með samnýtingu tækja rannsóknarstofananna og ein möguleg leið til þess er að nota að jafnaði ICP–AES-tæki RHÍ til greininga á flestum málum í stað AAS-tækis og litrófsmælis jarðefnafræðideildarinnar. Áður en það er unnt er hins vegar nauðsynlegt að gera nákvæman og raunhæfan samanburð á niðurstöðum aðferðanna með greiningu á nokkrum tugum sömu sýna og skipulegri úrvinnslu niðurstaðna.

Jarðefnafræðideild ROS og jarðfræðistofa RHÍ gerðu með sér samning árið 1998 um samvinnu við nýtingu efnagreiningatækja beggja stofnana. Áætlaður liður í þeirri samvinnu var að ROS nýtti sér ICP–AES-tæki RHÍ til reglubundinna greininga á sem flestum efnum reynist það hagkvæmt og gefa nægilega góða samkvæmni miðað við eldri aðferðir. Það að ýta slíkri samvinnu af stað var kveikjan að því verkefni sem lýst er í eftirfarandi skýrslu en hún lýsir samanburðargreiningum á sömu sýnum með aðferðum beggja stofnananna.

Hafist var handa við samanburðargreiningarnar vorið 1999 og gerðar mælingar á ICP–AES-tæki RHÍ á sýnum sem mæld höfðu verið áður með hefðbundnum aðferðum ROS auk staðla og viðmiðunarsýna. Notuð voru sýni jarðefnafræðideildar ROS sem tekin voru á stöðum þar sem fylgist er reglubundið með efnasamsetningu jarðhitavatns. Með því móti er unnt að nota sambærileg sýni milli ára frá stöðum þar sem mikilvægt er að nema örliðlar breytingar með tíma en nauðsynlegt er að meta hvort breyttar efnagreiningaraðferðir valdi hliðrun eða einhver broti í mæliröð og torvelduðu þannig túlkun langtímabreytinga.

Hér á eftir er fjallað um framkvæmd og niðurstöður samanburðarmælinganna og í framhaldi af því metið hvernig best verður háttáð áframhaldandi greiningum á jarðefnafræðideild ROS og hugsanlegri nýtingu ICP–AES-tækis RHÍ í því sambandi.



## 2. MEÐHÖNDLUN SÝNA OG AÐFERÐIR

Efnagreiningar með ICP-tækinu voru gerðar samkvæmt leiðbeiningum sem lýst er í handbókum og á minnisblöðum sem umsjónarmenn tækisins hafa útbúið. Starfsmenn jarðefnafræðistofu RHÍ hafa komið sér upp sérstöku vinnulagi við meðhöndlun sýna fyrir ICP-greiningar, þ.e. þau eru síuð með 0,2 µm filter og sýrð 0,5% með saltpétursýru (HNO<sub>3</sub>). Sýni sem starfsmenn jarðefnafræðideildar ROS eru hins vegar síuð í gegn um 0,45 µm filter og sýrð með saltpétursýru 0,4%. Sýnin sem notuð voru í þetta samanburðarverkefni voru tekin í vinnslueftirlitsferðum á virkjuðum jarðhitavæðum víða um land árin 1997 og 1998 (tafla 1). Þau eru ýmist ósölt (1-80) eða sölt (81-102).

**Tafla 1.** Listi yfir sýni sem notuð voru í samanburðargreiningum.

	Sýnanúmer	Nafn	Holunúmer	Pynning
1	19970001	Hitaveita Rangæinga	GA-01	
2	19970086	Hitaveita Selfoss	ÞK-10	
3	19970087	Hitaveita Selfoss	ÞK-13	
4	19970088	Hitaveita Selfoss	ÞK-15	
5	19970111	Hitaveita Akureyrar	LJ-07	
6	19970112	Hitaveita Akureyrar	TN-04	
7	19970113	Hitaveita Akureyrar	HN-10	
8	19970114	Hitaveita Akureyrar	BN-01	
9	19970115	Hitaveita Akureyrar	RWN-7	
10	19970116	Hitaveita Akureyrar	LÞN-11	
11	19970117	Hitaveita Akureyrar	GYN-7	
12	19970118	Hitaveita Akureyrar	Varmaskiptir	
13	19970119	Hitaveita Akureyrar	Varmaskiptir	
14	19970120	Hitaveita Akureyrar	LN-12	
15	19970121	Hitaveita Dalvíkur	YV-14	
16	19970339	Hrunalaug		
17	19970340	Flúðir	FL-06	
18	19970346	Ekkjufellssel	UV-08	
19	19970465	Reykholt Borgarfirði	RH-01	
20	19970466	Reykholt Borgarfirði		
21	19970467	Reykholt Borgarfirði	Hægindi	
22	19970468	Reykholt Borgarfirði	Deildatunguhver	
23	19970484	Hitaveita Akureyrar	LN-12	
24	19970649	Laugaland Rangárvallas.	LWN-4	
25	19970694	Ekkjufellssel	UV-08	
26	19970699	Hitaveita Húsavíkur	Áhaldahús	
27	19970700	Hveravellir S-Þing.	HV-01	
28	19970714	Hitaveita Ólafsfjarðar	OB-04	
29	19970715	Hitaveita Ólafsfjarðar	SK-12	
30	19970719	Hitaveita Dalvíkur	HA-11	
31	19970726	Hitaveita Silgufjarðar	SK-11	
32	19970728	Hitaveita Silgufjarðar	Hvanneyrarbraut 49	
33	19970730	Borgarmýrar Skagaf.	BM-12	
34	19970731	Borgarmýrar Skagaf.	BM-13	
35	19970732	Borgarmýrar Skagaf.	Dælustöð	
36	19970739	Laugarbakki A-Hún.	LB-03	
37	19980034	Hitaveita Akureyrar	GYN-7	
38	19980035	Hitaveita Akureyrar	LJ-05	
39	19980036	Hitaveita Akureyrar	LN-12	
40	19980037	Hitaveita Akureyrar	Bakrás	Fu-sýni
41	19980038	Hitaveita Akureyrar	TN-04	
42	19980039	Hitaveita Akureyrar	BN-01	
43	19980040	Hitaveita Akureyrar	HN-10	

44	19980042	Hitaveita Akureyrar	RWN-7	
	<b>Sýnanúmer</b>	<b>Nafn</b>	<b>Holunúmer</b>	<b>Pynning</b>
45	19980043	Hitaveita Akureyrar	LÞN-11	
46	19980055	Hitaveita Selfoss	ÞK-13	
47	19980056	Hitaveita Selfoss	ÞK-10	
48	19980057	Hitaveita Selfoss	ÞK-12	
49	19980248	Laugar í Súgandafirði	LA-02	
50	19980249	Súðavík	SV-03	
51	19980250	Laugar í Súgandafirði	LA-05	
52	19980331	Hrunalaug		
53	19980332	Flúðir	FL-04	
54	19980371	Hveravellir S-Þing.	HV-10	
55	19980372	Hveravellir S-Þing.	HV-01	
56	19980386	Ekkjufellssel	UV-08	
57	19980423	Geysir		
58	19980425	Smiður		
59	19980511	Hitaveita Akureyrar	GRÝ-4	
60	19980512	Hitaveita Akureyrar	GRÝ-3	
61	19980513	Reykir S-Þing.	RF-07	
62	19980541	Ekkjufellssel	UV-08	
63	19980546	Hitaveita Húsavíkur	Áhaldahús	
64	19980547	Hveravellir S-Þing.	HV-01	
65	19980548	Hveravellir S-Þing.	HV-16	
66	19980555	Hitaveita Dalvíkur	HA-11	
67	19980556	Hitaveita Ólafsfjarðar	SK-12	
68	19980557	Hitaveita Ólafsfjarðar	OB-04	
69	19980564	Hitaveita Siglufjarðar	SK-11	
70	19980567	Hitaveita Siglufjarðar	Hvanneyrarbraut 49	
71	19980570	Borgarmýrar Skagafj.	Dælustöð	
72	19980571	Borgarmýrar Skagafj.	BM-12	
73	19980572	Borgarmýrar Skagafj.	BM-13	
74	19980574	Steinsstaðir Skagafj.	Dæluhús	
75	19980575	Reykhólar Barðastr.	RH-02	
76	19980576	Reykhólar Barðastr.	RH-07	
77	19980579	Syðri-Rauðamelur	SR-02	1/2
78	19980625	Laugaland Rangárvallas.	LWN-4	
79	19980630	Flúðir	FL-08	
80	19980631	Grafarbakki	GB-02	
81	19970351	Hitaveita Seltjarnarness	SN-05	1/10
82	19970352	Hitaveita Seltjarnarness	SN-12	1/10
83	19970681	Hitaveita Seltjarnarness	SN-04	1/10
84	19970682	Hitaveita Seltjarnarness	SN-05	1/10
85	19970683	Hitaveita Seltjarnarness	SN-12	1/10
86	19980091	Hitaveita Seltjarnarness	SN-06	1/10
87	19980597	Hitaveita Seltjarnarness	SN-04	1/10
88	19980598	Hitaveita Seltjarnarness	SN-05	1/10
89	19980599	Hitaveita Seltjarnarness	SN-12	1/10
90	19970065	Hitaveita Stykkishólms	HO-01	1/20
91	19970179	Hitaveita Stykkishólms	HO-01	1/20
92	19970404	Hitaveita Stykkishólms	HO-01	1/20
93	19980578	Hitaveita Stykkishólms	HO-01	1/20
94	19970003	Hitaveita Þorlákshafnar	HJ-01	1/2
95	19970004	Hitaveita Þorlákshafnar	BA-01	1/2
96	19980073	Hitaveita Þorlákshafnar	BA-01	1/2
97	19980074	Hitaveita Þorlákshafnar	HJ-01	1/2
98	19980356	Hitaveita Þorlákshafnar	HJ-01	1/2
99	19980360	Hitaveita Þorlákshafnar	HJ-01	1/2
100	19980366	Hitaveita Þorlákshafnar	HJ-01	1/2
101	19970717	Hitaveita Hríseyjar	HR-10	1/2
102	19980559	Hitaveita Hríseyjar	HR-10	1/2

Fyrstu greiningar fóru fram í maí 1999 á ósöltum sýnum og var hvert sýni greint tvisvar. Byrjað var á að greina eftirtalin aðalefni: SiO<sub>2</sub>, Na, K, Fe, B, Sr, Ca, Mg og Mn. Tölur 2 og 3 sýna styrk efna í stöðlum sem notaðir voru við efnagreiningar með ICP litrófsmælinum og eru þeir sömu og RHÍ hefur notað við þróun á greiningum á jarðhitavatni. Staðlarnir eru kalt vatn frá Selsundi og heitt vatn úr Geysi og var Sel98 notaður til stöðlunar fyrir greiningar á Ca, Mg og Mn en Gey98 fyrir önnur efni.

**Tafla 2.** Styrkur efna í staðli Selsund98.

sel98				
	gildi (ppm)	max	min	næmi
		frávik 3%		
SiO <sub>2</sub>	27,28	28,10	26,46	1 ppm
Na	47,58	49,01	46,15	0,5 ppm
Ca	28,58	29,44	27,72	10 pbb
Mg	12,85	13,24	12,46	5 pbb
K	2,413	2,485	2,341	1 ppm
Fe	1,621	1,670	1,572	20 pbb
Sr	1,76	1,813	1,707	1 pbb
Mn	0,793	0,8168	0,7692	5 pbb
Ti	1,743	1,795	1,691	10 pbb
K	2,413	2,485	2,341	1 ppm
SO <sub>4</sub>	51,92	53,48	50,36	1 ppm
Al	1,56	1,607	1,513	10 pbb
PO <sub>4</sub>	1,668	1,718	1,618	0,5 ppm

**Tafla 3.** Styrkur efna í staðli Geysir98.

gey98				
	gildi (ppm)	max	min	næmi
		frávik 3%		
SiO <sub>2</sub>	497,7	512,6	482,8	1 ppm
Na	226,3	233,1	219,5	1 ppm
K	21,11	21,74	20,48	10 pbb
Ca	2,404	2,48	2,33	5 pbb
Mg	0,814	0,8384	0,7896	1 ppm
Fe	1,554	1,601	1,507	20 pbb
B	1,01	1,040	0,980	0,5 ppm
Sr	1,753	1,806	1,700	2 pbb
SO <sub>4</sub>	115,13	118,58	111,68	1 ppm
Al	2,154	2,219	2,089	10 pbb

Eftir fyrri keyrslu á 1997 sýnunum kom í ljós að styrkur nokkurra efnanna var við greiningarmörk eða undir þeim og í næstu keyrslum var þeim efnum sleppt. Í seinni keyrslu á 1997 sýnum og báðum keyrslum á 1998 sýnum voru greind efnin SiO<sub>2</sub>, Na, Ca og Sr. Útbúnar voru aðferðirnar HR198 fyrir öll óþynnt sýni en aðferð OS2 notuð til greininga á Ca og Na þynntum söltum sýnum. Aðferðir RHÍ á greiningum á jarðhitavatni með þeim stöðlum sem hér eru nefndir byggjast á því að niðurstöður eru skoðaðar jafnóðum með q-test (gæðaprófun) þar sem staðlar eru efnagreindir reglulega í sýnahópnum og sveiflist niðurstöður meira en 3% er niðurstöðunum hafnað og endurgreininga þörf.

Í söltu sýnunum óþynntum voru greind efnin SiO<sub>2</sub>, Mg, K, Fe, B og Sr. Til þess að greina Ca og Na í þessum sýnum þurfti að þynna þau eins og kemur fram í töflu 1. ICP-tækið er viðkvæmt fyrir seltu og þá helst sýnaúðarinn (nebulizer) sem vill stíflast vegna útfellinga. Það var því nokkrum vandkvæðum bundið að greina þessi söltu sýni en einnig urðu tafir vegna bilana í tækinu þar til í desember 1999. Þá voru sýnin keyrð bæði þynnt og óþynnt (tafla 1).

Við greiningar á Al og S var notuð önnur aðferð þar sem greiningar á UV-sviði (< 200 nm) krefjast aukins gasflæðis í þeim tilgangi að hreinsa allt súrefni úr ljósgangi. Þær greiningar voru framkvæmdar í janúar 2000.

### 3. NIÐURSTÖÐUR SAMANBURÐARMÆLINGA


Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður samanburðarmælinga á sýnum jarðefnafræðideildar ROS og er hvert efni tekið fyrir sérstaklega. Umfjölluninni er skipt í ósölt og sölt sýni svo auðveldara verði að greina hvort greiningum beri betur eða verr saman eftir seltu eða efnastyrk sýnanna, þar sem greining saltra sýna gekk nokkuð erfiðlega. Niðurstöður efnagreininga með umræddum efnagreiningaraðferðum eru bornar saman beint þar sem teiknaðar eru niðurstöður úr ICP-tæki RHÍ á móti niðurstöðum ROS. Einnig er sýnd hlutfallsleg skekkja fyrir nokkur efnanna, en þar sem styrkur efnanna var lágur var það ekki gert (Fe, Mn, Mg).

#### 3.1. Kísill


Á jarðefnafræðistofu ROS er kísill ( $\text{SiO}_2$ ) efnagreindur með Perkin Elmer litrófsmæli eftir að í sýnin er bætt HCl og Ammonium Molybdate hvarfefni. Þessi aðferð er tiltölulega fljótleg og einföld og greiningarmörk aðferðarinnar er um 0,5 mg/l. Greiningar á kísli með ICP-tækinu gengu vel og eru niðurstöður í töflu í viðauka 7.1.

Á mynd 1 eru niðurstöður þessara tveggja efnagreiningaraðferða bornar saman og ber greiningum ágætlega saman. Eftir því sem styrkur kísils eykst má sjá að þar eykst dreifning gildanna en þetta má líklega rekja til þess að sé styrkur kísils yfir 100-120 mg/l eru sýni þynnt vegna hættu á fjölliðun og eykst þá skekkjan. Svipuð mynd sést þegar skoðaðar eru niðurstöður greininga á söltum sýnum (mynd 2).


Dreifing hlutfallslegs mismunar á greiningum frá ROS og ICP-tæki RHÍ er sýnd á myndum 3,4 og 5, sem sýnir þennan hlutfallslega mismun á gildum á x-ás og fjölda sýna á y-ás. Fyrir greiningar ROS á kísli er RSD (Relative Standard Deviation) 1,8 – 2,5%. Á mynd 3 má sjá að flest gildi hlutfallslegs mismunar falla innan við  $\pm 3\%$  sem er það sem ICP-aðferðin miðar við. Gildum er þó hliðrað í átt að negatífum mismuni fyrir hefðbundin lághitasýni sem þýðir að ROS-greiningar gefa lægri gildi. Sama mynd kemur fram ef skoðuð eru óþynnt sýni eingöngu (mynd 4), svo það er ekki þynningin sem hefur þar áhrif. Mynd 5 sýnir dreifingu hlutfallslegs mismunar á greiningum söltu sýnanna. Þau eru mun færri en þau ósöltu en dreifast svipað og hámark gildanna er nálægt núlli sem bendir til góðrar samsvörunar milli efnagreiningaraðferðanna.




Mynd 1. Samanburður á greiningum á kísli í ósöltum sýnum.




Mynd 2. Samanburður á greiningum á kísli í söltum sýnum.



**Mynd 3.** Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ, öll ósölt sýni.



**Mynd 4.** Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ þynnt ósölt sýni.




**Mynd 5.** Hlutfallslegur mismunur á kísilgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni.

### 3.2. Bór


Á jarðefnafræðideild ROS eru bór í jarðhitavatni efnagreint með litrófsmælingu eins og kísill, en notuð er önnur aðferð þar sem sýnið er blandað Azomethin-H hvarfefni. Bór-greiningar eru vandasamar, samkvæmni hefur ekki verið góð og framkvæmd aðferðarinnar er nokkuð flókin. Töflu með niðurstöðum úr samanburðargreiningum á bóri er að finna í viðauka 7.2. Greiningarmörk bórs með litrófsmælingum OS eru 0,03 mg/l en með ICP (Gey98) eru mörkin 0,5 mg/l.

Á mynd 6 eru niðurstöður greininga á ósöltum sýnum bornar saman og samskonar samanburður fyrir söltu sýnin er á mynd 7. Niðurstöðum greininganna tveggja ber ekki vel saman en styrkur bórs í sýnunum er undir greiningarmörkum fyrir ICP-aðferðina og auk þess sem litrófmælingar ROS sýna ekki góða samkvæmni. Þetta kemur glögglega fram á súluritum þar sem hlutfallslegur mismunur er teiknaður upp á móti fjölda greininga (myndir 8 og 9). Mismunurinn er allt að 20-25% milli aðferða. Fyrir ósöltu sýnin eru gildin frekar negatíf sem bendir til þess að ROS gildi séu að jafnaði lægri en niðurstöður greininga með ICP-tæki.







Mynd 6. Samanburður á greiningum á bóri í ósöltum sýnum.



Mynd 7. Samanburður á greiningum á bóri í söltum sýnum.



**Mynd 8.** Hlutfallslegur mismunur á bórgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni.




**Mynd 9.** Hlutfallslegur mismunur á bórgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni.

### 3.3. Natríum


Natríum er greint með atómísogstæki á ROS og eru niðurstöður þeirra greininga ásamt niðurstöðum samanburðarmælinga með ICP að finna í töflu í viðauka 7.3, bæði fyrir sölt og ósölt sýni. Tafla 1 sýnir hvaða söltu sýni voru þynnt þegar mæld voru natríum og kalsíum með ICP tæki og í hvað hlutföllum. Greiningarmörk með atómísogstæki er um 1 µg/l (0,001 mg/l) en 1 mg/l með ICP (Gey98), hvort tveggja langt undir þeim styrk sem mælist í hefðbundnu jarðhitavatni. Þegar niðurstöður greininganna eru skoðaðar með einföldum samanburði á gildum, kemur fram nokkuð góð fylgni og gildin falla nálægt línu sem hefur hallatöluna 1 (mynd 10). Ef grannt er skoðað má þó sjá að gildin virðast frekar falla ofan við línuna, gildi Orkustofnunar eru hærrí en mælist með ICP-greiningum RHÍ, og dreifingin eykst með hækkandi styrk natríums. Í söltu sýnunum er dreifing gilda fyrir natríum mun meiri en í þeim ósöltu en þau sýni voru þynnt með tillit til styrks natríums og kalsíums í staðli Gey98. Líklega kemur fram aukin skekkja vegna þynninga (mynd 11).

Þessi tilhneiging til hærrí gilda úr greiningum ROS kemur skýrt fram þegar litið er á hlutfallslegan mismun fyrir bæði ósalta sýnahópinn (mynd 12) og söltu sýnin (mynd 13). Niðurstöður greininga á ósöltum sýnum eru að meðaltali um 4% hærrí hjá ROS og greiningar á söltum sýnum eru flest á bilinu 0 til 7% hærrí.


Vandamál sem tengjast greiningum á natríum og líka kalíum með ICP-tækni eru vel þekkt. Hiti logans (plasmans) í ICP-tækinu þegar það er sett upp fyrir greiningar á öllum helstu aðal-efnum er of mikill fyrir natríum og veldur því að hluti þess jónast. Sá hluti sem helst á frumefnaformi og gefur af sér einkennisgeislun er minni en annars og þetta verður til þess að næmi aðferðarinnar minnkar.




Mynd 10. Samanburður á greiningum á natríum í ósöltum sýnum.



Mynd 11. Samanburður á greiningum á natríum í söltum sýnum.



Mynd 12. Hlutfallslegur mismunur á natríumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni.




**Mynd 13.** Hlutfallslegur mismunur á natríumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni.


### 3.4. Kalsíum

Á jarðefnafræðistofu ROS er kalsíum greint í vatnssýnum með AAS-tæki eins og aðrir alkalí- og jarðalkalímálmur. Greiningarmörk með AAS er 10 µg/l (0,01 mg/l) en 0,005 mg /l með ICP-aðferð ef notaður er staðall Gey98. Kalsíumstyrkur er alltaf vel yfir þeim mörkum í sýnunum sem efnagreind voru í þessari samanburðartilraun. Tölulegri úrvinnsla á niðurstöðum greininganna er í viðauka 7.4 en mælingum með AAS og ICP ber ágætlega saman. Í töflu 1 er að finna lista yfir þau sýni sem voru þynnt fyrir kalsíum og natríum greiningar og í hvað hlutföllum það var.


Mynd 14 sýnir niðurstöður greininga á ósöltum sýnum og mynd 15 er samskonar mynd fyrir söltu sýnin. Á báðum myndum kemur fram að dreifing gilda eykst með hærri styrk kalsíums og að styrkur mælist hærri með aðferð ROS. Þetta kemur þó ekki fram á mynd 16 þar sem litið er á dreifingu hlutfallslegs mismunar á kalsíumgreiningum. Mögulegt er að gildi fyrir lægri styrk séu frekar lægri hjá ROS og að hærri styrkur mælist hærri. Þannig kemur slík tilhneiging fram þegar kalsíum er mælt í söltum sýnum sem hafa háan kalsíumstyrk en þar mælast sýnin hjá ROS allt að 16% hærri. Gildin eru að meirihluta innan 3% frávik frá núllinu fyrir ósöltu sýnin.




Mynd 14. Samanburður á greiningum á kalsíum í ósöltum sýnum.



Mynd 15. Samanburður á greiningum á kalsíum í söltum sýnum.



Mynd 16. Hlutfallslegur mismunur á kalsíumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni.




**Mynd 17.** Hlutfallslegur mismunur á kalsíumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni.




### 3.5. Kalíum

Niðurstöður greininga á kalíum, annars vegar á jarðefnafræðistofu ROS með AAS-loga og hins vegar með ICP-tæki Jarðfræðistofu RHÍ eru í töflu í viðauka 7.5. Greiningum á ósöltum sýnum ber ekki mjög vel saman eins og sjá má á mynd 18 og liggja gildin ofan við línu með hallann 1. Fylgni er enn verri fyrir sölt sýni, styrkur K mælist þar mun hærri með aðferð ROS en með ICP auk þess að skekkja eykst þar sem sýni hafa verið þynnt fyrir greiningu á AAS (mynd 19).


Það er þekkt vandamál að kalíumgreiningar með ICP-efnagreiningartækni eru erfiðar og er um að kenna sömu vandræðum með jónun í Ar-plasmanu og við greiningar á natríum, þar sem hitastig í Ar-loganum er of hátt og það kemur niður á næmni greininganna. Hlutfallslegur mismunur á gildum ROS og RHÍ sýnir að fyrir bæði ósölt (mynd 20) og sölt sýni (mynd 21) eru gildi hærri með hefðbuninni AAS-aðferð ROS. Flest sýnin hafa milli 10 og 15% hærri gildi fyrir ROS aðferðina fyrir ósöltu sýnin en dreifingin er eitthvað minni fyrir þau söltu.




Mynd 18. Samanburður á greiningum á kalíum í ósöltum sýnum.



Mynd 19. Samanburður á greiningum á kalíum í söltum sýnum.



Mynd 20. Hlutfallslegur mismunur á kalíumgreiningum ROS og RHÍ, ósölt sýni.




**Mynd 21.** Hlutfallslegur mismunur á kalíumgreiningum ROS og RHÍ, sölt sýni.


### 3.6. Magnesíum

Magnesíum var eingöngu greint í sýnum frá 1997 auk söltu sýnanna og er niðurstöður greininganna er að finna í töflu í viðauka 7.6. Í ósöltu lághitavatni er styrkur Mg lágur en ágætlega hefur gengið að greina það með atómisogstæki ROS. Greiningarmörk aðferðarinnar er 0,001 mg/l og mældist styrkur magnesíums yfir því fyrir öll sýnin. Greiningarmörk fyrir ICP-tækið eru við 0,005 mg/l notaður er kaldvatnsstaðallinn sel98 eins og aðferð RHÍ gerir ráð fyrir.

Mynd 22 sýnir samanburð á ósöltum sýnum. Innfellda myndin sýnir að mikill hluti þeirra mælist undir greiningarmörkum ICP-aðferðarinnar. Mælingum ber mun betur saman þegar styrkur magnesíums er hærri sem kemur í ljós þegar skoðaðar eru niðurstöður greininga á söltu sýnum (mynd 23).




Mynd 22. Samanburður á greiningum á magnesíum í ósöltum sýnum.




Mynd 23. Samanburður á greiningum á magnesíum í söltum sýnum.

### 3.7. Járn

Við efnagreiningar á járni á jarðefnafræðistofu ROS er notað atómisogstæki ýmist með loga eða grafítbrennara eftir styrk þess í vatninu. Greiningarmörkin með þeim síðarnefnda eru um 0,1 µg/l (0,0001 mg/l) en með ICP-tæki RHÍ eru greiningarmörkin 20 µg/l (0,02 mg/l). Niðurstöður greininganna eru í töflu í viðauka 7.7. Á myndum 24 og 25 má sjá að mikill hluti greininganna mælist undir næmni ICP-aðferðarinnar og nokkrar greiningar á söltu lághitavatni sýna slæma samsvörun þrátt fyrir að styrkurinn sé hærri.




Mynd 24. Samanburður á greiningum á járni í ósöltum sýnum.



Mynd 25. Samanburður á greiningum á járni í söltum sýnum.

### 3.8. Mangan

Niðurstöður samanburðargreininga á mangani eru í töflu í viðauka 7.8. Manganstyrkur í jarðhitavatni mælist oftast í kringum greiningarmörk aðferðar ROS, 0,1 µg/l (0,0001 mg/l), en mangan er þar greint í AAS með grafitbrennara. Greiningarmörk með ICP-tæki er 5 µg/l (0,005 mg/l) og ljóst er af mynd 26 að styrkur mangans í ósöltum sýnum frá 1997 er alltaf undir því. Í síðari hluta greininganna var mangani því sleppt úr aðferðinni sem notuð var við ICP-greiningarnar.



Mynd 26. Samanburður á greiningum á mangani í ósöltum sýnum.




### 3.9. Ál


Niðurstöður greininga á áli er að finna í viðauka 7.9. Á ROS er ál greint með AAS-tæki með grafitofni og eru greiningarmörk þeirrar aðferðar  $1 \mu\text{g/l}$  ( $0,001 \text{ mg/l}$ ). Helstu ókostir við aðferðina er breytilegur styrkur áls í lághitavatni og því oft þörf á endurgreiningu sem gerir aðferðina tímafreka.

Næmni með ICP-aðferðinni er 10 sinnum minni eða  $0,01 \text{ mg/l}$  og er nokkuð um það að styrkur áls mælist undir því eða nálægt mörkum. Aðferðin til greininga á áli og brennisteini með ICP er ólík aðferðinni sem notuð er til greininga á öðrum efnum sem hér voru prófuð. Mælingar eru ekki stöðugar nema eftir að Argon gas hefur flætt um ljósganga tækisins nógu lengi til að losa allt  $\text{O}_2$  úr þeim, þar sem mæling fer fram á UV-sviðinu og þá truflar súrefni. Séu greiningar framkvæmdar áður en slíku jafnvægi er náð þarf að leiðrétta gögnin með tilliti til staðla sem keyrðir eru með jöfnu millibili í sýnahópnum. Slík leiðrétting var ekki gerð í þessu tilviki en gert var ráð fyrir að jafnvægi hefði náðst þar sem gildi á stöðlum bentu ekki til annars. Einstakar greiningar sýndu mjög mikinn mun, t.d. sýni 1997-0467 þar sem styrkur mældist annars vegar  $0,09 \text{ mg/l}$  hjá RHÍ og hins vegar  $0,46 \text{ mg/l}$  hjá ROS (tafla 1.9 í viðauka).

Mynd 27 sýnir að aðferðunum tveimur ber nokkuð vel saman en þó falla gildin frekar neðan við línu með hallann 1. Það bendir til þess að gildi RHÍ séu hærri en niðurstöður greininga frá ROS. Styrkur áls í söltum jarðhitasýnum er mun lægri en í þeim ósöltu, en niðurstöður á þeim sýna einnig hærri gildi með aðferðum Raunvísindastofnunar (mynd 28).



Mynd 27. Samanburður á greiningum á áli í ósöltum sýnum.




Mynd 28. Samanburður á greiningum á áli í söltum sýnum.

### 3.10. Súlfat


Greininga á súlfati með ICP byggist á sömu aðferð og greining á áli og þarf að hafa í huga þau atriði sem þar er lýst. Næmni aðferðarinnar fyrir súlfat í lághitavatni (Gey98) er 1 mg/l en með jónagreini sem ROS notar til greininga á súlfati eru greiningarmörk 0,02 mg/l.

Mynd 29 sýnir samanburð efnagreiningaraðferðanna á ósöltum sýnum og sést þar að niðurstöðum ber vel saman upp að ~100 mg/l, en þá eykst dreifing gildanna. Gildi staðals Gey98 fyrir ICP er 115 mg/l og hlutfall ljósgleypni og styrks er línulegt a.m.k. upp að því marki. Sýni í ósalta hópnum sem innihalda súlfat af hærri styrk en Gey98 voru ekki þynnt fyrir hvoruga aðferðina. Styrkur klóríðs er sá þáttur sem helst ákvarðar hvaða sýni þarf að þynna fyrir jónagreini og því þurfti að þynna söltu sýnin fyrir greiningar jarðefnafræðideild ROS.

Í ICP-keyrslum á UV-sviðinu voru greind samtímis ál og súlfat og var aðaláherslan lögð á greiningar á áli. Því voru söltu sýnin sem innihéldu súlfat yfir staðlinum Gey98 ekki þynnt til þess að hægt væri að greina ál. Þetta er líkleg ástæða þess að dreifing gilda fyrir sölt sýni er frekar mikil (mynd 30) en gildin virðast frekar lenda neðan línu sem þýðir hærri gildi með ICP-aðferðinni.



Mynd 29. Samanburður á greiningum á súlfati í ósöltum sýnum.



Mynd 30. Samanburður á greiningum á sulfati í söltum sýnum.

### **3.11. Strontíum**

Í viðauka 7.11 er að finna greiningar á strontíum fyrir öll samanburðarsýnin, en enginn samanburður var gerður, þar sem Sr var ekki mælt í sýnunum hjá jarðefnafræðideild ROS. Greiningarmörk ICP-aðferðarinnar er 1 µg/l (0,001 mg/l) og er styrkur í flestum sýnunum langt yfir þeim mörkum.

## 4. STAÐLAR OG VIÐMIÐUNARSÝNI

### 4.1. Samanburður ROS og RHÍ

Staðlar og viðmiðunarsýni sem notuð eru á jarðefnafræðistofu ROS voru efnagreind með ICP-tæki Jarðfræðistofu RHÍ og eru niðurstöður þeirra greininga birtar í töflu 4. Þar má einnig finna niðurstöður greinga ROS á viðmiðunarsýnum þar sem þau hafa verið efnagreind, ýmist sem heilsýni eða niðurstöður viðmiðunargreininga eru birtar. Viðmiðunarsýni ROS eru þrjú og er VMS II sýni frá holu SN-4 á Seltjarnarnesi og VMS III kalt kranavatn á efnafræðistofu. VMS S er hins vegar sérstaklega blandað til þess að nota við katjónagreiningar.

Spói er sýni af jarðhitavatni frá Spóastöðum í Biskpstungum og er notað sem staðall fyrir kísilgreiningar ROS. Staðlarnir KAT I, KAT II, og KAT III eru notaðir til að staðla katjónagreiningar með AA tæki ROS. Þeir eru útbúnir þannig að keyptar ampúlur eru þynntar með eimuðu afjónuðu vatni í þann styrk sem hæfir aðferðinni. Þessir staðlar eru blandaðir fyrir hverja greiningu og fyrir þessar samanburðargreiningar voru blandaðir þrír staðlar með mismiklum styrk jóna. Í tilfellum staðlanna er annars vegar skráður styrkur staðalsins sem blandaður er og hins vegar greining með ICP á þeim staðli. Þeir voru ekki efnagreindir sem slíkir á ROS.

**Tafla 4.** Niðurstöður greininga á stöðlum og viðmiðunarsýnum (mg/l).

			SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	Fe	Sr	B
<b>Spói</b>	Heilsýni	ROS	101,7	84,6	1,8	4,08	0,013	0,012		0,27
		RHÍ	104,2	81,6	1,9	4,06	0,011	<0,02	0,012	0,26
<b>VMS S</b>	Heilsýni Viðmið.	ROS		165,0	7,5	10,00	1,000			
		ROS		165,9	7,68	10,22	0,983			
		RHÍ		162,4	7,3	10,17	1,011	0,020	0,017	0,24
<b>VMS II</b>	Heilsýni Viðmið.	ROS	102,0	668,0	13,2	472,0	1,090			0,25
		ROS	101,2	673,0	13,5		0,989			0,26
		RHÍ	102,1	676,3	13,0		0,990	<0,02	1,360	0,22
<b>VMS III</b>	Viðmið.	ROS	13,8	12,3	0,38	4,67	0,82			
		RHÍ	14,1	11,4	0,5	4,72	0,834	<0,02	0,003	
<b>KAT I</b>	Staðall	ROS		200,0	10,0	30,0	1,000	1,000		
		RHÍ		196,5	9,3	28,49	1,007	0,983	0,008	
<b>KAT II</b>	Staðall	ROS		20,0	1,0	3,00	0,100	0,100		
		RHÍ		19,2	1,0	2,95	0,103	0,099		
<b>KAT III</b>	Staðall	ROS		2,0	0,1	0,30	0,010	0,010		
		RHÍ		2,0	0,2	0,30	0,010	<0,02		

Helstu niðurstöður þessara samanburðarmælinga á stöðlum og viðmiðunarsýnum eru þær að þeim ber ágætlega saman og þar sem munur er einhver á niðurstöðum er það í samræmi við það sem áður hafði komið í ljós í greiningum sýna. Styrkur kísils mælist lægri hjá ROS og styrkur natríums mælist hærri í öllum nema í sýni VMS II og gæti það verið fyrir áhrif seltu

en sýnið er úr holu SN-4 á Seltjarnarnesi. Sýni úr þeirri holu voru einnig tekin fyrir í samanburðargreiningunum og eru niðurstöður ICP- og OS-mælinga á þeim að finna í viðauka hér að aftan.

#### **4.2. Norrænar samanburðarmælingar**

Árið 1992 tóku bæði jarðefnafræðideild ROS og jarðfræðistofa RHÍ ásamt Iðntæknistofnun þátt í norrænum samaburðarmælingunum á aðalefnum í drykkjarvatni (Lund and Segato, 1994). Alls tóku 158 efnafræðistofur þátt og voru eftirfarandi þættir mældir: pH, leiðni, Ca, Mg, Na, K, Cl, SO<sub>4</sub>, F, “alkalinity” og uppleyst efni. Sé eingöngu litið á þau efni sem fjallað hefur verið um í þessari skýrslu kemur í ljós að:

- gildi RHÍ fyrir kalsíum (Ca) eru yfirleitt hærri en gildi ROS sem reyndust nær réttu gildi,
- styrkur natríum mælist alltaf hærri hjá ROS og er mesti munur um 10%. ROS mælingarnar eru einnig nær réttu gildi,
- magnesíum (Mg) greiningum ber vel saman þó gildi RHÍ séu oftast um 5% hærri,
